

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 110/1984, um breytingu á lögum
nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laga nr. 110/1984 orðist svo:

Í Reykjavíkurlæknishéraði og heilsugæsluumdæmum í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði skal frestur þessi standa til ársloka 1986.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt
tímabundið vörugjald, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laga nr. 107/1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum, sbr.

1. gr. laga nr. 126/1984, breytist með svofelldum hætti:

1. og 2. málslíður 1. gr. laganna orðist svo:

Greidda skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greitt til og með 31. desember 1986 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.